

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Laxey hf. Viðlagafjara, Vestmannaeyjum



Dags eftirlits	18.11.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Laxey hf.	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili		Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	660521-1270	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Kristín Hartmannsdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Birgitta Valdimarsdóttir	Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik kom fram í eftirlitinu og engin ábending var sett fram. Um er að ræða fyrsta eftirlit til rekstraraðila og því voru engin eldri frávik opin þegar eftirlitið fór fram.

## UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Laxeyjar, Viðlagafjöru. Samkvæmt starfsleyfi má hámark lífmassa ekki fara yfir 7.000 tonn en stöðin hafði ekki verið tekin í notkun þegar eftirlitið fór fram. Starfsleyfið gildir til 20. júní 2040.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Starfsleyfi rekstraraðila
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti
- Önnur mál
- Skoðunarferð

### 1. Starfsleyfi rekstraraðila

Þar sem um fyrsta eftirlit til rekstraraðila var að ræða var í eftirlitinu farið yfir starfsleyfið. Sérstaklega var rætt um skil á skráningum og mælingum.

### 2. Eftirlitsmælingar og skráningar

Minnt var á skiladaga og losunarmörk. Rekstraraðili skal skila ársyfirliti, grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi fyrir 1. maí ár hvert. Losun á fosfór má ekki fara yfir 10,0 kg/tonn af lífmassaaukningu á ári. Taka skal myndir við útrásina á tveggja mánaða fresti og skulu myndirnar fylgja ársyfirliti.

### 3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Þar sem um fyrsta eftirlit til rekstraraðila er að ræða var farið yfir áhættumatið og það útskýrt.

### 4. Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti

Tryggingaskírteini vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 var afhent í eftirlitinu. Öllum áætlunum sem skulu vera til staðar skv. starfsleyfi, var skilað með umsókn rekstraraðila um starfsleyfi og eru þær því allar nýlegar. Farið var yfir umhverfismarkmið rekstraraðila og rætt um að æskilegt sé að þau séu mælanleg.

### 5. Önnur mál

Engin önnur mál voru bókuð.

### 6. Skoðunarferð

Gengið var um lóð rekstraraðila. Vinna var í fullum gangi við að undirbúa stöðina fyrir að taka á móti fyrstu seiðunum en gert var ráð fyrir að það gerðist fáeinum dögum eftir eftirlitið. Útrás stöðvarinnar var skoðuð og uppfyllir hún ekki þær kröfur sem gerðar eru í starfsleyfi og 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Hins vegar er í gildi undanþága dags. 22. mars 2023 sem Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitti Laxey frá umræddum kröfum skv. 7. mgr. 9. gr. sömu reglugerðar. Í eftirlitinu var rætt um að eftirlitsaðili þurfi að hafa upplýsingar um þá olíugeyma sem eru á lóðinni. Þann 17. desember 2024 sendi rekstraraðili eftirlitsaðila umbeðnar upplýsingar.


## ÁBENDINGAR

Engin ábending var sett fram í eftirlitinu.

Reykjavík, 20.12.2024

**1 Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2 Ábending:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

---

Freyr Evarsson